



Alþingi  
Erindi nr. P 133/76  
komudagur 7.11.2006

## ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Ísafirði, 3. nóvember 2006  
2006100093

### **Efni: Frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög.**

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 2. nóvember s.l., var samþykkt svohljóðandi tillaga, að svari Ísafjarðarbæjar, varðandi frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög.

„Með því lagafrumvarpi sem nú er til umfjöllunar hjá Alþingi eru yfirráð sveitarfélaga yfir byggð, sem þau hafa skipulagt í landi sínu verulega takmörkuð. Talið er að betra sé að heimila sveitarfélögum að leyfa fasta búsetu og skráningu lögheimilis í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem fristundabyggð, en jafnframt að breyta lögum þannig að íbúar á slíkum svæðum nytu minni þjónustu en aðrir íbúar viðkomandi sveitarfélags.

Með því væri sveitarfélögum í sjálfvald sett hvort þau vilja heimila slíkt í sínu sveitarfélagi og þá með hvaða skilyrðum. Slíkt gerði væntanlega kröfur á sveitarfélög um að þau skilgreindu hvaða þjónusta verði í boði fyrir þá íbúa sem óska eftir að skrá lögheimili í fristundabyggð.

Samþykkt að bæjarstjórn geri athugasemdir við frumvarpsdrögin eins og þau eru í dag og reyni að fá þeim breytt þannig að þau takmarki ekki yfirráð sveitarfélaga yfir landi, sem er í þeirra forsjá, meira en nú er.“

Það skal tekið fram, að bæjarráð Ísafjarðarbæjar hafði áður falið bæjarsjóra að svara erindi félagsmálanefndar Alþingis og þá á annan veg samkvæmt bréfi dagsettu þann 26. október s.l.

Virðingarfyllst

Þorleifur Pálsson  
- bæjarritari -